



FJÖLMIÐLANEFND

Heilbrigðisráðherra,
heilbrigðisráðuneytinu
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. janúar 2021
Mál nr. 2021-2278 / 0.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

1.

Vísað er til tölvupósts frá heilbrigðisráðuneytinu, dags. 6. janúar 2021, þar sem athygli var vakin á því að opnað hafi verið fyrir umsagnir um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur) í samráðsgátt stjórnvalda frá 22. desember 2020 – 31. janúar 2021.

Í frumvarpinu er lagt til að tóbakslausar nikótínvörur verði felldar undir gildissvið laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að ætlunin sé að setja skýrar reglur um heimildir til sölu, markaðssetningar og notkunar á nikótínvörum með því að fella þær að mestu leyti undir sömu reglur og gildi samkvæmt lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Í greinargerð með frumvarpinu segir jafnframt að lagt sé til að eftirlit með auglýsingabanni á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum á þær verði í höndum Neytendastofu og fjölmiðlanefndar. Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er lagt til að Neytendastofa fari með almennt eftirlit með auglýsingabanni á fyrrgreindum vörum. Í 20. gr. frumvarpsins er lagt til að fjölmiðlanefnd fari með eftirlit með auglýsingum í fjölmiðlum, með því að orðinu „nikótínvörur“ verði bætt við ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Í skýringum við 20. gr. frumvarpsins segir að með lögum nr. 87/2018 hafi sú breyting gerð á lögum nr. 38/2011 að fjölmiðlanefnd hafi verið falið eftirlit með banni við auglýsingum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur í fjölmiðlum. Hafi ráðuneytinu borist athugasemdir á gildistíma laga nr. 87/2018, um að með framangreindum breytingum hafi fjölmiðlanefnd verið

falið víðtækara hlutverk en rúmist innan hlutverks nefndarinnar og að Neytendastofa sé betur til þess fallin að sinna slíku eftirlitshlutverki.

2.

Lög nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur tóku gildi 1. mars 2019. Samkvæmt lögnum er óheimilt að auglýsa rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Við gildistöku laga nr. 87/2018 var sú breyting gerð á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 að orðunum „rafrettur, áfyllingar fyrir rafrettur“ var bætt við 4. mgr. 37. gr., á eftir orðinu „tóbaksvörur“. Ekki var kveðið sérstaklega á um eftirlitshlutverk fjölmiðlanefndar með auglýsingabanninu í lögum nr. 87/2018, heldur var þess hlutverks getið í skýringum í greinargerð með frumvarpinu en þar sagði: „*Lagt er til að eftirlit með öryggi varanna og merkingum verði í höndum Neytendastofu og eftirlit með auglýsingabanni í höndum fjölmiðlanefndar.*“ Af framangreindu leiddi að lögbundnar heimildir fjölmiðlanefndar til eftirlits með auglýsingum á rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur tóku einungis til auglýsinga í fjölmiðlum en ekki til auglýsinga á öðrum miðlum, t.d. samfélagsmiðlum.

Vakti fjölmiðlanefnd athygli á þessum annmörkum á lögnum með erindum til heilbrigðisráðuneytis, bæði við meðferð frumvarps til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 6/20026 með síðari breytingum (rafsígarettum), dags þann 24. ágúst 2017, og eftir gildistöku laga nr. 87/2017 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, dags þann 30. apríl 2019. Í fyrrgreindum erindum nefndarinnar kom fram að ekki væri skýrt hver ætti að hafa eftirlit með auglýsingum á rafrettum og að þörf væri á lagabreytingum ef auglýsingabannið ætti að ná til fleiri miðla en fjölmiðla. Einnig kom fram að fjölmiðlanefnd teldi ekki að nefndin væri það stjórnvald sem væri best til þess fallið að hafa slíkt eftirlit, enda hefði nefndin eðli málsins samkvæmt einungis eftirlit með fjölmiðlum. Í svari ráðuneytisins dags. 21. júlí 2019 kom fram að ráðuneytið hefði málið til skoðunar. Þingmálaskrá fyrir 150. löggjafarþing hefði hins vegar verið ákveðin og yrði frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur því ekki lagt fram á því löggjafarþingi. Tekin yrði ákvöðrun um þingmál 151. löggjafarþings vorið 2020.

3.

Neytendastofa og fjölmiðlanefnd skipta með sér verkum með þeim hætti að fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með auglýsingum í fjölmiðlum og Neytendastofa hefur eftirlit með auglýsingum sem birtast annars staðar, t.d. á flettiskiltum og á samfélagsmiðlum.

Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að kveðið verði skýrt á um eftirlitshlutverk Neytendastofu með auglýsingabanni á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í lögum nr. 87/2018, sérstaklega í ljósi þess að markaðssetning fyrir þessar vörur fer fyrst og fremst fram á samfélagsmiðlum en ekki í hefðbundnum fjölmiðlum.

Fjölmiðlanefnd er hlynnt því að Neytendastofa hafi almennt eftirlit með auglýsingabanni sbr. 10. gr. frumvarpsins, en að fjölmiðlanefnd hafi eftirlit með auglýsingum sem birtast í fjölmiðlum, sbr. 20. gr. frumvarpsins um fyrirhugaðar breytingar á 4. mgr. 37. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Um leið telur nefndin nauðsynlegt að hið almenna eftirlitshlutverk

Neytendastofu feli í sér skýra heimild til að grípa til aðgerða vegna auglýsinga í fjölmiðlum, t.d. vegna auglýsingaherferða sem birtast bæði á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

Þess skal getið að fjölmiðlanefnd og Neytendastofa hyggjast gera samstarfssamning um verkaskiptingu vegna mála sem varða auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum á rafrettur, til að tryggja skilvirkt eftirlit með markaðssetningu þeirra.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Heiðís Lilja Magnúsdóttir
lögfræðingur



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri